



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík
Allsherjar- og menntamálanefnd

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 24. febrúar 2016
Tilv.: IRR15060052/16.1

Efni: Frumvarp til laga um neytendasamninga

Þann 16. febrúar sl. óskaði allsherjar- og menntamálanefnd eftir viðbrögðum ráðuneytisins við umsögnnum um frumvarp til laga um neytendasamninga. Umsagnir bárust frá Neytendastofu og Neytendasamtökunum.

Athugasemdir Neytendastofu

Neytendastofa gerir athugasemd við að í frumvarpinu sé stofnuninni ekki falið eftirlit á allherjarréttarlegum grundvelli með ósanngjörnum samningsskilmálum. Þessi athugasemd varðar innleiðingu tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Tilskipunin var innleidd hér á landi með lögum nr. 14/1995, um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum. Ráðuneytið telur að þessi athugasemd Neytendastofu eigi fremur heima í heildarendurskoðun neytendalöggjafarinnar sem innanríkisráðherra boðaði á þingi þann 19. janúar sl.

Neytendastofa leggur til að orðalagi 16. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að talað verði um rétt til að falla frá samningi í stað frests. Ráðuneytið leggst ekki gegn slíkri breytingu telji nefndin það vera til bóta.

Neytendastofa bendir á að skv. 3. gr. tilskipunarinnar gildir hún einnig um samninga um afhendingu á vatni, gasi, rafmagni og fjarhitun, einnig frá opinberum veitendum, að svo miklu leyti sem afhendingin er á grundvelli samnings. Efnisákvæði sem taka til afhendingar á vatni, gasi, rafmagni og fjarhitun er að finna í 2. mgr. 5. gr., 3. mgr. 7. gr., 8. mgr. 8. gr., c.-lið 9. gr., a.-lið 4. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar. Við samningu frumvarpsins var tekið mið af ákvæðum norska frumvarpsins þar sem þessi leið var farin við að innleiða umrædd ákvæði.

Þá bendir Neytendastofa á að 19. gr. tilskipunarinnar var sleppt við innleiðingu hennar en ástæða þess að 19. gr. tilskipunar var sleppt er sú að ákvæði hennar er að finna í lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Að lokum eru gerðar athugasemdir við að ákvæði 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar sé ekki að finna í frumvarpinu en ástæða þess að 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er sú að um að valkvæða heimild er að ræða.

Athugasemdir Neytendasamtakanna.

Neytendasamtökin gerðu athugasemd við heiti laganna og töldu í umsögn sinni að betra væri að takmarka löginn aðeins við húsgöngu- og fjarsölusamninga en breyta frekar ákvæðum laga nr. 57/2005 til samræmis við áskilnað tilskipunarinnar. Ástæða þess að heiti og gildisviði laganna var breytt var vegna umsagnar Neytendastofu við gerð frumvarpsins og þar vöru dönsku löginn höfð til hlíðsjónar.

Þá var gerð er athugasemd við orðalagið happadrætti í 1. gr. en um víðara hugtak sé að ræða sbr. c.-lið 3.mgr. 3. gr. tilskipunarinnar í c.-lið 3.mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er m.a. verið að fjalla um fjárhættuspil og veðmál en slík starfsemi er ólögleg á Íslandi og því þótti ekki ástæða til að tilgreina hana sérstaklega í lögnum.

Að lokum er einnig gerð athugasemd við hugtakið dagleg viðskipti í 4. gr. frumvarpsins þ.e. að útskýra þurfi nánar hvað felist í því. Ráðuneytið telur að hugtakinu sé gerð fullnægjandi skil í frumvarpinu.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði


Björn Freyr Björnsson


Guðrún Rósa Ísberg